

Nd.

114. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason, Páll Pétursson, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Þó skal tryggt í slíku samkomulagi að sá aðili, sem tekur að sér innheimtu og ávöxtun fjárins, beri sömu ábyrgð og Póstgíróstofan.

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. efnislega samhljóða þessu hefur tvívegis áður verið flutt, en ekki fengið afgangi.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja verkalýðsfélögum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár, sem þau telja heppilegasta.

Með orlofslögunum 1971 urðu veruleg umskipti til hins betra í orlofsmálum, greiðslurnar inn í girókerfið urðu fljótlega langtum meiri en verið hafði í orlofsmerkjakerfinu. Hitt er þó ljóst, að því fer fjarri að nógildandi orlofskerfi sé eins og best verður á kosið. Innheimta hefur ekki verið nægilega hörð og þeir vextir, sem orlofsþegar njóta, eru óeðlilega lágir. Ýmis verkalýðsfélög hafa áhuga á því að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag. Fyrst og fremst hefur sá áhugi beinst að því að semja um að orlofsféð verði greitt inn á bankabækur, þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fást í orlofskerfinu nú, jafnframt því sem fjármagnið geymist á staðnum. Það er óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin semji um það fyrirkomulag sem þau telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

Fylgiskjal.

Niðurstöðutölur innborgaðs orlofsfjár í Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra orlofsárið 1. maí 1979 til 30. apríl 1980.

1. Vestfjarðakjördæmi 692 179 440 kr.
2. Norðurland vestra 203 818 096 —
3. Norðurland eystra 901 677 592 —